

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/49****2020/EES/69/34**

frá 21. janúar 2020

**um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af reglugerð (ESB) 2017/1151 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja <sup>(1)</sup>, einkum 8. gr. og 3. mgr. 14. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í þýsku útgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 <sup>(3)</sup> hafa ákvæði liðanna 4.2.1.1.2 og 4.2.2.1 í 4. undirviðauka við XXI. viðauka og liðanna 3.2.3.2.2.2 og 3.2.4.1.1.2.2 í 7. undirviðauka við XXI. viðauka, þar sem tilgreint er að ekki eigi að telja viðbótarhjól og -hjólbarða sem valfrjálstan búnað, fengið gagnstæða merkingu.
- 2) Því ætti að leiðrétta þýsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) 2017/1151 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 17, 22.1.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

(2) Stjttíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(á ekki við um ensku útgáfunna)

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_